


Jafnréttismál

Ása Bergsdóttir Sandholt, Lögmaður

Ólafur Heiðar Harðarson, mannauðsráðgjafi



HAFNARFJÖRÐUR



Jafnréttismál

- Jafnréttis- og mannréttindastefna samþykkt í febrúar 2017
 - Jafnréttisáætlun samþykkt í maí 2019 – gildir fyrir 2019-2023
 - Bæjarráð er jafnréttisnefnd „ sem hefur það hlutverk að vera ráðgefandi og hafa frumkvæði að aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.“
 - Sveitarfélög eru í góðri stöðu til að vinna að jafnrétti í samfélaginu
 - Vegna nálægðar við íbúana
 - Og þess þrjúþætta hlutverks sem þau hafa, sem stjórnvald, sem vinnuveitandi og sem þjónustuveitandi
-

Landsfundur um jafnréttismál á Akureyri

- Árlegur landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga verður haldinn í Hofi á Akureyri dagana 15. og 16. september nk. í samstarfi Akureyrarbæjar, Jafnréttisstofu og Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Eftir hádegi þann 16. september býður svo Jafnréttisstofa til 20 ára afmælisráðstefnu á sama stað.
- Dagskrár beggja viðburða og nánari upplýsingar verða sendar út í ágúst.
- Skrá sig ef áhugi á að mæta annan daginn t.d.



Eloomi fræðslukerfi – Jafnréttismál

- Munum nota þann grunn m.a. til að miðla til stjórnenda samþykktri Jafnréttisáætlun og Aðgerðaráætlun í Jafnréttismálum
 - Verður „skráð“ á alla stjórnendur í kerfinu, þannig er hægt að sjá hverjir hafa skoðað og farið í gegnum efnið.
 - Þá er hægt að senda ítrekanir um að fólk kynni sér efnið í kerfinu og merki við lokið.
 - Með því móti náum við að tryggja að stjórnendur séu að kynna sér efnið og séu meðvitaðir um efnið.
-

Miðlun stjórnenda til sinna starfsmanna – eftirfylgni

- Á stjórnendafundi í vor var minnst á bæði jafnréttisáætlun og aðgerðaráætlun og efnið látið inn á Workplace í kjölfarið.
 - Ætlunin er síðan að fylgja því eftir með því að senda póst á stjórnendur og fá svör til baka, hverjir hafa kynnt sér efnið og kynnt fyrir sínu starfsfólki.
 - Tilgangur eftirfylgni af okkar hálfu, er að tryggja að stjórnendur séu meðvitaðir um efni og innihald Jafnréttisáætlunar/aðgerðaráætlunar og þau verkefni sem snúa að þeim og þeir bera ábyrgð á.
-

Fyrst sveitarfélaga með endurvottun á jafnlaunakerfi

- Enn á ný sýna niðurstöður úttektar á jafnlaunakerfi Hafnarfjarðarbæjar áframhaldandi jákvæða þróun í átt að launajafnrétti innan sveitarfélagsins.
- Óútskýrður launamunur er ekki lengur til staðar og frávik minnka enn frekar milli úttekta, er nú 0,1%, konum í hag.
- Hafnarfjarðarbær er fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til að fá endurvottun á jafnlaunakerfi en árið 2017 var bærinn einnig fyrst sveitarfélaga til að fá slíka vottun.
- Vottunin í ár kemur í framhaldi af úttekt sem fór fram 20. maí sl. á jafnlaunakerfi sveitarfélagsins.
- Tilgangur úttektarinnar var að framkvæma viðhaldsúttekt og endurútgefa vottorð fyrir jafnlaunakerfi sveitarfélagsins.



Kynjahlutfall í ráðum og nefndum

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011

- 44. gr. Framlagning lista við hlutfallskosningu.

2. Ef velja á tvo eða þrjá fulltrúa í nefnd skal a.m.k. einn af hvoru kyni vera á lista. Ef velja á fjóra eða fimm fulltrúa skulu a.m.k. tveir af hvoru kyni vera á lista. Ef velja á sex til átta í nefnd skulu a.m.k. þrír af hvoru kyni vera á lista. Ef velja á níu fulltrúa skulu a.m.k. fjórir af hvoru kyni vera á lista. Ef velja á fleiri í nefnd skulu a.m.k. 40% af hvoru kyni vera á lista. Ef kjörgengi í nefnd er bundið við sveitarstjórnarmenn eða varamenn þeirra á þessi regla þó ekki við. Hið sama á við ef kjörgengi í nefnd er bundið með þeim hætti að ekki er fært að fullnægja kröfum samkvæmt þessum lið.

Jafnréttislög nr. 10/2008

- 15. gr. Þátttaka í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum hins opinbera.

Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að.

Fastanefndir

	Aðalmenn		Varamenn		Áheyrnarfulltrúar		Varaáheyrnarfulltrúar		Samtals	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Barnaverndarnefnd	0	5	1	3					1	8
Bæjarráð*	4	1	2	3	1	1	2	0	9	5
Fjölskylduráð	2	3	1	4	2	0	2	0	7	7
Forsetanefnd*	2	1	2	3	1	2	0	0	3	3
Fræðsluráð	1	4	2	3	1	1	0	2	4	10
Hafnarstjórn	4	1	2	3					6	4
Íþrótt- og tómstundanefnd	1	2	2	1					3	3
Kjörstjórn	1	2	2	1	0	1	1	0	4	4
Menningar- og ferðamálanefnd	0	3	1	2					1	5
Skipulags- og byggingaráð	4	1	2	3	2	0	1	1	9	5
Stjórn Hafnarborgar	2	1							2	1
Umhverfis- og framkvæmdaráð	3	2	3	2	0	2	1	1	7	7

*Reglur 44. gr. um kynjahlutföll eiga þó ekki við ef kjörgengi í nefnd er bundið við kjörna fulltrúa í sveitarstjórnnum eða varamenn þeirra.

Aðrar nefndir

	Aðalmenn		Varamenn		Samtals	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Almannavarnarnefnd	1	1	1	1	2	2
Fulltrúaráð SSH	4	1			4	1
Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogs	1	1	1	1	2	2
Samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu	2	0			2	0
Skólanefnd Flensborgarskóla	2	0	1	1	3	1
Stjórn Markaðsstofu Hafnarfjarðar	2	1	1		3	1
Stjórn Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins - Bláfjallanefnd	0	1	1	0	1	1
Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.	0	1	1	0	1	1
Stjórn Sorpu bs.	1	0	1	0	2	0
Stjórn Reykjanesfólkvangs	1				1	0

Fastir samráðsvettvangar

	Aðalmenn	
	Karlar	Konur
Fjölmeningarráð**	3	2
Ráðgjafarráð í málefnum fatlaðs fólks**	2	5
Öldungaráð**	2	5
Ungmennaráð**	1	7

**Ekki kosið af bæjarstjórn



Á dagskrá... næstu skref...

- Áhersla á að stjórnendur kynni sér Jafnréttisáætlun og aðgerðaráætlun
 - Búið að minnast á þetta á stjórnendafundi í vor og setja inn á Workplace (aftur birt á WP í júlí).
 - Næsta skref er að senda út tölvupósta til allra stjórnenda
 - kallað eftir hvort þeir hafi kynnt sér efni og innihald.
 - Gögnin láta fylgja í viðhengi
 - Spurðir að því hvort þeir hafi farið yfir Jafnréttisáætlun með starfsfólki, eða sett málið á dagskrá með einhverjum og þá hvaða verkefni.
 - Eftirfylgni í gegnum nýtt fræðsluferfi með haustinu.
 - Með skráðum „námskeiðum“ á alla stjórnendur – þar hægt að sjá hverjir hafa lesið eða opnað gögnin og hverjir ekki.
- Teymi á stjórnsýslusviði mun fara yfir og uppfæra stöðu í aðgerðaráætlun – Teymi: Sigríður Kristinsdóttir, Guðrún Þorsteinsdóttir, Ása B. Sandholt og Ólafur H. Harðarson
 - Einstaka þættir skoðaðir staða tímasettra atriða hjá aðilum sem bera ábyrgð á viðkomandi máli/aðgerð eða hefur verið falið verkefnið.
 - Skoða aðgerðaráætlun og fá stöðu á helstu málum
 - Uppfæra skjal með stöðu mála